

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík


Reykjavík 22. maí 2018
UST201805-040/B.S.
10.05.08

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Virkjunarkostir í Kaldrananeshreppi og Strandabyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Hér er um frumathugun að ræða á virkjanakostum á nokkuð stóru svæði. Þar sem óvíst er um framhald að þessum rannsóknum loknum telur Umhverfisstofnun að leggja eigi mikla áherslu á að rannsóknirnar fari fram þannig að þeim fylgi sem minnst rask. Hér er ráðgert að fara um allstórt svæði á stuttum tíma og telur Umhverfisstofnun að gera hefði þurft frekari grein fyrir hvernig þessum fyrstu rannsóknum verði háttað, t.d. hvaða verklag og tæki sé ráðgert að nota.

Ekki er unnt að leggja fullnægjandi mat á líkleg áhrif á jarðmyndanir, vistkerfi og landslag miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar. Umhverfisstofnun telur að Orkustofnun ætti að kanna hvort hefðbundin umsókn um rannsóknarleyfi henti þar sem hér er um að ræða leit að virkjanakostum í stað rannsókna á fyrirfram skilgreindum virkjanakosti eins og venjulegast er.


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri